

gjafsóknarmál í hjerði og fyrir yfirdómi vottast, að það hefur fyrir báðum rjettum verið varið for-svaranlega. Hinum skipaða talsmanni hins stefnda fyrir yfirdóminum verða eigi eptir úrslitum máls-ins dæmd nein málflytningu-laun.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur.
Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 21. októbermánaðar.

Nr. 9/1895:

Arnljótur prestur Ólafsson
gegn
Ólafi presti Petersen.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Ólafi Peter-sen presti að Svalbarði gegn Arnljóti Ólafssyni presti að Sauðanesi út af skuld, er hann taldi til hjá sjera Arnljóti fyrir prestsþjónustu í Sauðanes-prestakalli fardagaárið 1889—90, að upphæð kr. 365,28. Var það dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 15. septbr. f. á. með þeim úrslitum, að sjera Arn-ljóti Ólafssyni var gjört að greiða Ólafi presti Pet-ersen 365 kr. 28 a. með 5 % vöxtum frá 21. júní f. á. til þess greitt er, svo og allan af málinu lög-lega leiðandi kostnað.

Þessum dómi og úrskurði, er kveðinn var upp undir rekstri málsins 24. júlí f. á., hefur Arnljótur

prestur Ólafsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 1. marzmán. þ. á., og krafizt:

Aðallega: að úrskurðurinn frá 24. júlí f. á. og dómurinn verði úr gildi felldur og málinu vísað frá undirrjetti, en til vara: að hann verði algjörlega sýkn dæmdur af kærnum og kröfum stefnda í máli þessu, en stefndi dæmdur til að lúka öllum málskostnaði með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjaði dómur og úrskurður verði algjörlega staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað fyrir yfir-dómi.

Mál þetta er þannig vaxið:

Hinn 26. sept. 1889 fjekk áfrýjandi þessa máls veitingu fyrir Sauðanesbrauði frá fardögum s. á. að telja, en með því brauðið var óveitt í fardögum 1889 skipaði hlutaðeigandi hjeradsprófastur stefnda, Ólaf prest Petersen, til að þjóna því ásamt hans eigin prestakalli, þangað til nýr prestur kæmi, gegn endurgjaldi af tekjum brauðsins eptir tilskipun 3. febr. 1836 IV, og þjónaði hann brauðinu þangað til áfrýjandi kom til brauðsins litlu eptir fardaga 1890. Í máli, sem áfrýjandi hafði höfðað gegn ekkju prófasts Vigfúsar Sigurðssonar, sem var prestur að Sauðanesi næstur á undan áfrýjanda, hafði hann talið tekjurnar þannig:

1. Sóknartekjur kr. 732,37
 2. Eptirgjald eptir hálfan Sauðanesstað með hlunnindum hans. . . — 1686,74
- samtals kr. 2419,11

Frá þessum tekjum hefur stefndi dregið:

1. Tilkostnað við þjónustu brauðsins	kr. 120,00
2. Árgjald af brauðinu	— 500,00
3. Afborgun og vexti af láni til steinhúss	— 240,00
	<u>kr. 860,00</u>

Verða þá eptir kr. 1559,11, sem stefndi kveðst eiga að hafa helminginn af, eða kr. 779,55½ og er þar við bætist tilkostnaður hans

við þjónustu brauðsins	— 120,00
verður tekjuupphæðsú, sem hann krefst	kr. 899,55
en þar frá dregst það sem stefndi þegar hefur fengið	— 534,27

Eptirstöðvar kr. 365,28
sem stefndi í þessu máli hefur lögsótt áfrýjanda til að greiða.

Við 1. rjettarhald í málinu lýsti áfrýjandi því þegar yfir, að hann að svo stöddu fyndi enga ástæðu til að fara út í sjálft málefnið og krafðist þess, að málinu yrði ex officio frá vísað sökum þess, að sáttalöggjöfinni hefði ekki verið fullnægt, með því að málið, er sáttaumleitun fór fram, hafi ekki verið fullprosað til sóknar, þar sem tekjurnar hafi enn verið óákveðnar að því snerti afgjaldið af Sauðanesstað með hlunnindum, en þessu mótmælti stefndi.

Um þessa kröfu áfrýjanda úrskurðaði dómariinn 24. júlí næst eptir, að hún skyldi ekki tekin til greina, en að málið skyldi tekið upp til framhaldsmeðferðar ex officio. Þessum úrskurði hefur áfrýjandi skotið til yfirdómsins ásamt dóminum í

málinu og krafizt, að hann verði úr gildi felldur og málinu vísað frá undirrjetti.

Málsaðila greinir ekki á um upphæð þá, sem hálfur Sauðanesstaður með hlunnindum var leigður fyrir, en með því að í máli lenti milli áfrýjanda og ábúanda staðarins út af þessu eptirgjaldi, þar sem ábúandinn taldi sig eiga skaðabótakröfu á hendur áfrýjanda, og því ekki vildi greiða afgjaldið nema með frádrætti, færðist áfrýjandi undan að greiða stefnda það, sem hann taldi til skuldar hjá honum fyrir prestspjónustu í Sauðanesbrauði, af þeirri ástæðu, að ekki væri enn útkljáð nefnt mál, og því væri enn ekki tími til kominn fyrir stefnda að heimta neitt af sjer, og að sáttaumleitunin hefði farið of snemma fram og væri því ómerk. En með því hinn þjónandi prestur óefað átti tilkall einnig til hluta af atgjaldi Sauðanesstaðar og átti heimting á að fá hann greiddan að aflokinni prestspjónustu sinni í Sauðanesprestakalli, þá gat sáttatilraunin ekki verið ógild, þótt ekki væri enn útkljáð mál snertandi viðskipti áfrýjanda við ábúanda jarðarinnar, er stefndi alls ekki var við riðinn. Það er því ekki ástæða til þess að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurð.

Eins og áður sagt, var málið, eptir að úrskurðurinn 24. júlí var upp kveðinn, tekið aptur til meðferðar. Hjelt þá áfrýjandi enn fram kröfu, að því formhlið málsins snerti, og krafðist enn, að málinu yrði vísað frá fyrir þá sök, að úrslit málsins ættu ekki undir dómstólana, tilskipun 3. febr. 1836 IV. Að visu var áfrýjanda óheimilt að haga

málsvörn sinni þannig, þar sem hann ekki, er hann kom fram með fyrri frávísunarkröfu sína, geymdi sjer rjett til, ef henni ekki yrði sinnt, að koma fram með aðra frávísunarkröfu, og stefnda því ekki var gefinn kostur á eða tilefni til að mótmæla slíkri málsvörn og þá heldur ekki til að samþykkja hana. En með því þessari frávísunarkröfu er þannig varið, að dómstólarnir ex officio eiga að taka hana til greina, ef hún á við rök að styðjast, þá verður að taka til álita, hvort málinu ber að vísa frá af nefndri ástæðu.

Tilskipun 3. febr. 1836 IV ákveður, að þegar einhver er settur um stund til að stjórna einhverju embætti, þá skuli hann frá því að hinn virkilegi embættismaður er útnefndur og þangað til hann tekst embættið á hendur, ef góðmötlegum samningi þeirra á milli eigi verður til leiðar komið, hafa rjett til að njóta helmings bæði af hinum föstu launum embættisins og af öllum óvissum tekjum þess. Milli málsparta í þessu máli er nú enginn ágreiningur um, að hinum setta presti beri helmingurinn af þessum tekjum. En þá greinir á um þann hluta teknanna, sem innifalinn er í af-rakstrinum af hálfum Saudanesstað og sem ekki í lögum er ákveðið um, hve mikill skuli vera handa hinum þjónanda presti, heldur falið háyfirvaldinu að meta. Með því nú nýnetnd tilskipun mælir svo fyrir, að ef nokkur þræta verður milli embættismannsins og hins setta (þjónandi) embættismanns um skipti á embættistekjum, þá skuli

ekki dómstólarnir heldur háyfirvaldið gjöra út um þá þrætu, þá ber að fella dóminn úr gildi og vísa máli þessu frá hjeradsdómi.

Málkostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður. Hin átöldu ummæli málflutningsmanns stefnda um áfrýjanda, sem sje: »að hann með því dæmalausasta ofríki sölsaði undir sig þau afnot Sauðanesstaðar, sem Sigríður hafði tekið á leigu« og »þessum skuldseiga hempuþjón á Sauðanesi« skulu samkvæmt kröfu áfrýjanda dæmd dauð og ómerk.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ógildur og vísast máli þessu frá hjeradsdóminum. Málkostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Hin átöldu móðgunaryrði skulu dauð og ómerk.

Mánudaginn 4. nóvembermán.

Nr. 44/1895:

Rjettvísín

gegn

Bersa Sighvatssyni,

Sigurði Ólafssyni og

Guðrúnu Bjarnadóttur.

Dómur:

Með aukarjettardómi Suður-Múlasýslu 19. okt. f. á. var ákærði Bersi Sighvatsson bóndi á Brekkuborg dæmdur fyrir skjalafölsun og fyrir afmörkun